

Mikill er máttur gleymskunnar

Fyrri hluti

Háskólinn undir hnifinn

SÍÐASTLIÐIÐ haust lék íslenskt samfélag á reiðiskjálfri vegna hneykslismála í kringum þáverandi félagsmálaráðherra, Guðmund Árna Stefánsson, sem neyddist til að segja af sér í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um embættisfærslur hans. Stjórnarandstaðan fann sig knúna til að flytja vantrauststillögu á alla ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar enda höfðu

Háskóli Íslands hafði verið í sveltum þriggja ára skeið þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Sultarólin var hert enn meira þannig að fella varð niður námskeið og fækka kennurum. Í ýmsum greinum hafa nemendur átt erfitt með að ljúka námi vegna skorts á námskeiðum og hafa haldið til útlanda til að bjarga sínum málum. Síðastliðið haust gripu kennarar og stúdentar til sinna ráða, lýstu því yfir að HÍ

þeir setið þegiandi undir fátinu og vörpuðu allri ábyrgð yfir á Guðmund Árna. Mikil umræða átti sér stað um siðferði íslenskra stjórnsmála, fundir og ráðstefnur voru haldnar og öllum bar saman um að úrbóta væri þörf. Nú fimm mánuðum síðar er þessi umræða gjörsamlega gleymd og grafin og ef marka má skoðanakannanir munu sömu flokkar með sömu menn sitja áfram við stjórnvölinn og halda áfram að deila út gæð-



Kristín Ástgeirsdóttir

um til flokksmanna sinna. Þessi staða er afar undarleg og umhugsunarverð þegar haft er í huga allt það sem yfir fólk hefur gengið á þessu kjörtímabili og ástæða er til að rifja upp. Ég hlýt að spyrja ætla fólk að kjósa yfir sig óbreytt ástand?

væri að verða annars flokks skóli og beittu ráðamenn miklum þrýstingi sem skilaði þeim árangri að fjárveitingar voru hækkadar nokkuð, þó ekki nærri nógu mikið til að verða sambærilegar við það sem gerist meðal háskóla í nágrannalöndum okkar. Nú keppast flokksforingjarnir við að lýsa ást sinni á menntun og vísindum sem hinni einu framtíðarvon, löngu búnir að gleyma því hvernig þeir beittu hnifinum allir sem einn gegn menntakerfinu, að ekki sé nú talað um kjör kennara sem enginn þeirra hefur tekið á.

Háskólinn hafði verið í sveltum í þrjú ár þegar

ríkisstjórnin tók við, segir Kristín Ástgeirsdóttir, en sultarólin var hert enn meir af sitjandi stjórn.

Menntamálaráðherra fer á kreik

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar var mynduð í lok apríl 1991. Þá þegar varð ljóst að von var tíðinda því boðskapurinn sem frá henni gekk hljóðaði upp á einkavæðingu, niðurskurð og þjónustugjöld. Og það var hafist handa.

Menntamálaráðherra Ólafur G. Einarsson boðaði skólagjöld sem tók þó töluverðan tíma að koma á vegna andstöðu í Alþýðuflokknum. Nú greiða nemendur í öllum framhaldsskólum skólagjöld sem notuð eru til reksturs skólanna, en borguðu áður í nemendaskjóði og félagslíf. Gjöld voru stórhækkuð í háskólanum en t.d. háskólaráð HÍ hefur staðið gegn frekari hækkun enda duga slík gjöld skammt í svo stórfloknun, meðan nemendur munar um þau. Menntamálaráðherra stöðvaði tilraun Menntaskólans við Hamrahlíð til skipulagsbreytinga sem ætlað var að taka á vanda þeirra nemenda sem ráða illa við framhaldsskólanám eins og það er nú skipulagt. Ráðherrann hætti með hálfsmánaðar fyrirvara við að lengja kennaranám við Kennaraháskólann úr þremur árum í fjögur þótt búið væri að undirbúa það og taka inn nemendur með tilliti til þess. Aðaltíðindin úr menntamálaráðuneytinu birtust þó seint um haustið 1991 þegar í ljós kom að meiningin var að spara á hátt í 200 millj. kr. með því að skera niður kennslu í grunnskólum landsins, fjölga í bekkjum og fresta nokkrum ákvæðum grunnskólalaga sem reyndar heyrðu undir sveitarfélögum. Þessi niðurskurður hefur verið endurtekinn ár eftir ár og hefur leitt af sér fækkun kennslustunda sem m.a. hefur komið niður á íslensku- og stærðfræðikennslu, stöðum kennara hefur fækkað og það sem verst er, börnin fá alls ekki þá kennslu sem þeim ber lögum samkvæmt. Á þessu skólaári var byrjað að skila börnunum aftur þessum kennslustundum, en margra vikna verkfall kennara gerir þann ávinning að engu, en samdrátturinn hefur að sjálfsögðu komið illa við allt of lág laun kennara.

Vikur þá sögunni að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Vorið 1992 urðu hörð átök um þær breytingar sem ríkisstjórnin vildi gera á lánum til námsmanna. Lánasjóðurinn hafði aukið mjög umsvif sín og ljóst að taka varð á málum hans. Aðferðin sem beitt var fólst í því að létta af ríkisstjóði, beina sjóðnum í æ ríkara mæli út á lánamarkaðinn og herða kröfur til námsmanna verulega. Skila þarf 100% námsárangri til að fá lán, hvað sem á dynur. Lánin fást ekki fyrr en eftir á, þannig að námsmenn verða að leita til bankanna til að brúa bilið sem fitna vel á yfirdráttarlánunum til þeirra. Vextir voru settir á lánin og endurgreiðslurnar hertar svo að vandséð er að hefðbundnar stéttir háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna geti staðið undir þeim. Formaður stjórnar LÍN lýsti því yfir á fundi með námsmönnum að þeir skyldu ekki láta sig dreyma um að geta tekið námslán og ætlað sér síðar á ævinni að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Afleiðingin er sú að verulega hefur dregið úr umsóknum um lán, en nemendum hefur ekki fækkað. Það eru einkum námsmenn utan af landi sem hætt hafa við að taka lán, einstæðar mæður og barnafólk og það vekur þá spurningu hvernig þeir námsmenn fjármagna nám sitt. Það er ljóst að námsmenn eru aftur farnir að vinna með námi sem hlýtur að teyja fyrir þeim, en það kostar sitt fyrir skólana að nemendur séu lengur að ljúka námi. Hver er þá spurningin þegar upp er staðið? Það þarf að kanna rækilega afleiðingar breytinganna, en það er alveg ljóst að námsmönnum hefur verið gert erfiðara fyrir og margir lánþegar verða í miklum vanda þegar kemur að því að greiða lánin til baka.

Höfundur er þingkona Kvennalistasins í Reykjavík.